



VOGAR - HRAÐFERÐ

Heiðursborgari kvaddur

Magnús Ágústsson, sem útnefndur var heiðursborgari Sveitarfélagsins Voga á síðasta ári, andaðist nú í byrjun árs á 96. aldursári. Magnús fæddist þann 25.maí 1922 í Halakoti á Vatsleysuströnd. Magnús gekk í Brunnastaðaskóla, skólavistin á þessum árum var fjögur ár. Magnús lauk síðar vélstjórarárófi frá Vélskóla Fiskifélagsins árið 1944.

Magnús lét alla tíð til sín taka á vettvangi atvinnulífs og sveitarstjórnar. Hann hóf ungur að árum sjósókn, fyrst á árabát þegar róíð var úr Halakotsvör. Árið 1949 var keyptur 21 tonns dekkadur bátur, sem hafði í för með sér mikla umbreytingu á útgerðarháttum. Árið 1957 er síðan samið um nýsmíði á 5 tonna bát frá Danmörku. Útgerðin og verkunin var flutt í Voga árið 1958 vegna betri hafnaraðstöðu. Útgerðarfélagið Valdimar var stofnað í framhaldinu og óx útgerð og vinnsla jafnt og þétt næstu áratugin. Magnús varð þá talsmaður útgerðar og verkunar með fjölda manns í vinnu. Árið 1963 er aftur samið um nýsmíði á 85 tonna bát frá Danmörku. Voru þá komin tvö vegleg skip í rekstur. Laust upp úr 1970 vex útgerðin með sölu á 55 tonna bátum og í stað hans fenginn 101 tonna bátur ásamt því að ráðist var í frystingu á afla jafnhliða saltfiskverkun. Árin 1977 og 1982 er skipt upp í stærri skip og þá 186 tonna stálskip. Skipin nefndi Magnús eftir foreldrum sínu,

Ágúst Guðmundsson I og II og Þuríður Halldórsdóttir og voru alla tíð talin aflaskip. Útgerðin var ávallt mikil lyftistöng fyrir atvinnulífið í sveitarfélaginu.

Magnús átti sæti í hreppsnefnd Vatsleysustrandarhrepps 6 kjörtímabil, frá árinu 1958 fram til ársins 1982. Gegndi hann jafnframt starfi hreppsstjóra lengst af þennan tíma.

Að leiðarlokum þakkar sveitarfélagið heiðursborgara sínum samfylgdina og það mikla mark sem hann setti á samfélag sitt. Fjölskyldunni allri er vottuð innileg samúð.

Sjónvarp Voga

Um nokkurt skeið hafa tveir áhugasamir einstaklingar haft frumkvæði að því að starfrækja fréttaveituna „Vogar TV“. Á veitunni (sem er að finna á Facebook) má finna áhugaverðar umfjallanir um viðburði í sveitarfélaginu, nú síðast er umfjöllun um þrettándagleðina. Það eru þeir Davíð Harðarson og Kristinn Sveinsson sem eiga allan heiður af þessu framtaki. Bæjarráð samþykkti á fundi sínum í vikunni að veita 150 þús.kr. fjárhagsstyrk til tækjakaupa, en þeir félagar vinna hins vegar að þessu framtaki sínu í sjálfbalíðsstarfi. Ég hvet alla til að tengja sig við Vogar TV á fésbókinni, og fylgjast þar með þeim viðburðum sem þeir gera skil.

Hundagerði

Bæjarráð fjallaði á fundi sínum í vikunni um erindi hundaeiganda sem óskaði eftir því að sett verði upp sérstakt afgirt svæði fyrir hunda, s.k. hundagerði. Málið hafði áður verið tekið til umfjöllunar í Umhverfis- og skipulagsnefnd, og fengið þar jákvæða umfjöllun. Bæjarráð tók jafnframt vel í erindið, og samþykkti að vísa málinu til vinnu við fjárhagsáætlun næsta árs. Í millitíðinni er unnt að nota tímann og grennslast fyrir um hvaða staðsetning væri heppilegust fyrir slíkt gerði, og eftir atvikum að fá leyfi landeigenda ásamt því að ganga úr skugga um að málið gangi upp út frá sjónarhóli skipulags.

Að lokum

Áður en hendi er veifað er janúar um það bil að verða hálfnaður. Sólin hækkar á lofti og dagarnir lengjast smátt og smátt. Ekki er hægt að segja að vetrarhörkur ríki, en miklir umhleypingar með tilheyrandi roki og rigningu. Ég óska öllum góðrar helgar!

Ábyrgðarmaður: Ásgeir Eiríksson asgeir@vogar.is

12.1.2018 6.árg.2.tbl.

Innihald þessa pistils endurspeglar á engan hátt skoðanir ritstjóra, og er einungis ætlað að þjóna því hlutverki að miðla fréttum af því sem efst er á baugi hverju sinni á vettvangi sveitarfélagsins sem og að halda til haga gagnlegum upplýsingum um starfseminna á vettvangi sveitarfélagsins.